

Reykjavík 08.03.2016

Berist til stjórnar HRFI

Efni. Siðareglur fyrir fuglahundadómara.

Stjórn Vorstehdeildar fer fram á að Pétur Alan Guðmundsson víki af fundi þar sem málið er honum of tengt. Telur stjórn deildarinnar augljóst að Pétur Alan sé vanhæfur til að fjalla um eða koma að málinu.

Forsaga málsins er sú að á fjölmönnum aðalfundi deildarinnar árið 2010 var borin fram eftirfarandi tillaga til samþykktar eða synjunar fundarins. Lagt var til að stjórn deildarinnar beitti sér fyrir því við stjórn HRFI að gerðar yrðu siðareglur fyrir fuglahundadómara, þátttakendum og þeim sjálfum til verndar.

Kosið var um tillöguna og fór kosning þannig að allir voru sammála tillögunni nema tveir fundargestir sem voru fuglahundadómaramenn Pétur Alan Guðmundsson og Svafar Ragnarsson.

Stjórn Vorstehdeildar fylgdi málinu ekki eftir af einhverjum sökum.

Það var svo á ársfundi deildarinnar sem haldinn var nú í febrúar 2016 að skorað var á stjórn Vorstehdeildar að fylgja eftir tillögunni sem samþykkt var árið 2010. Þ.e.a.s að leggja það til við stjórn HRFI að gerðar yrðu siðareglur fyrir fuglahundadómara þátttakendum og þeim sjálfum til verndar.

Kosið var aftur um tillöguna og nú féllu atkvæði þannig að tillagan var samþykkt samhljóma.

Stjórn Vorstehdeildar fer því fram á það við stjórn HRFI að gerðar/teknar verði upp siðareglur fyrir fuglahundadómara.

Kom fram á aðalfundi deildarinnar nú í febrúar að norskir dómamarar eru undir siðareglur settir og telur stjórn Vorstehdeildar að ef þær virka í Noregi eigi þær líka að virka hér. Gerir stjórn deildarinnar það því að tillögu sinni við stjórn HRFI að norsku reglurnar skuli einfaldlega þýddar yfir á íslensku og teknar upp hér á landi hið fyrsta.

Sjá viðhengi með þessum tölvupósti þar sem siðareglur norsku dómamanna byrja á síðu nr.41

Finnst stjórn deildarinnar ekki þurfa nein frekar rök þar sem svo augljóst sé að dómamarar hverjir sem þeir eru, hvað sem þeir dæma geti ekki verið hafnir yfir svo sjálfsgæðar reglur.

Stjórn deildarinnar vill þó koma með eitt dæmi sem sýnir glögglega þörfina fyrir siðareglur. Dæmið er tekið af facebook síðu. Þar er ráðist harkalega með skrifum á meðlim Vorstehdeildar. Það er erfitt við að eiga þegar aðilar hnýta í hvorn annan á internetinu en þegar allir íslensku fuglahundadómaramenn setja like á niðskrif gegn meðlimum HRFI verður að bregðast við. Mynd af þessum kommentum fylgja þessu erindi til stjórnar HRFI málinu til rökstuðnings. Þar smá sjá kommentið sem um ræðir á annari myndinni og svo nöfn þeirra sem setja like við það á annari myndinni. Það má einnig benda á að Guðbjörg

Guðmundsdóttir sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir HRFI setur einnig like við kommentið. Því miður eru til fleiri svona dæmi og látum við einnig fylgja með 3 aðrar myndir af kommentum þar sem í það minnsta einn dómari (Pétur Alan Guðmundsson) setur like á neikvæð skrif annars félagsmanns. Og svo annað dæmi þar sem Pétur Alan startar neikvæðri umræðu þar sem hann bendir á skoðanaskipti sem fram fóru á facebook síðu Vörsstehdeildar. Þar skorar hann meðal annars á fólk að hafa nóg af popp og kók fyrir lesturinn. Þetta finnst stjórn Vorstehdeildar í besta falli algjörlega óviðeigandi af persónu sem sinnir trúnaðarstörfum fyrir félagið HRFI.

Það er alveg ljóst og ekki hægt að mótmæla, að þeir félagsmenn HRFI sem verða fyrir jafn miklu aðkasti sem dómarar taka þátt í geta ekki mætt með sína hunda í ræktunardóm hjá viðkomandi dómurum. Það er hverjum manni ljóst að þeir aðilar geta ekki treyst því að fá hlutlausa dóma á sína hunda. Þeim er því útilokað annað en mæta með sína hunda í ræktunardóm hjá erlendum dómurum sem hingað koma til að fá eins réttláta og hlutlausa dóma á sína hunda og hægt er hverju sinni. En hjá því verður ekki horft að viðkomandi félagsmenn sem fyrir þessu verða geta því mætt mun sjaldnar með sína hunda í dóm en aðrir félagsmenn HRFI. Með örðum orðum þá sitja þeir ekki við sama borð.

Stjórn Vorstehdeildar spyr í leiðinni stjórn HRFI hvort þetta sé í lagi og ef ekki hvort ekki sé ástæða til að bregðast við á einhvern hátt?

Eftirfarandi má til dæmis lesa í reglum og leiðbeiningum fyrir sýningardómara.

„Samskiptamiðlar Dómari má ekki setja fram stöðuuppfærslur á samskiptamiðlum eða “blogga” um dóma á einstökum hundum.“

Það hlýtur því að eiga enn frekar við ef eitthvað er að dómarar skuli ekki tjá sig á nokkurn hátt um eiganda/leiðanda hunds og skiptir þá ekki máli hvaða viðburðum HRFI það tengist.

Að endingu hnykkir stjórn Vorstehdeildar á því við stjórn HRFI að brugðist verði við eins fljótt og kostur er til að koma í veg fyrir að svona lagað geti viðgengist. Einnig skorar stjórn Vorstehdeildar stjórnarmenn HRFI að lesa og kynna sér norsku siðareglurnar í þaula.

Fyrir hönd stjórnar Vorsteh deildar.

Birgir Arnarson formaður
Sigríður Oddný Hrólfsdóttir vara formaður
Hlynur Þór Haraldsson Ritari
Guðmundur Pétursson Gjaldkeri
Eydís Gréta Guðbrandsdóttir Gagnavörður